

Vísbotnar sem voru á meðal þeirra bestu á miðstigi

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Nú er hvorki sorg né sútt,
svona er góður vetur.**

Lilja Rut Halldórsdóttir, 7. bekk Álfhólsskóla.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Ég neita að vera niðurlút,
nú er kominn vetur!**

Júlía Heiðrós Halldórsdóttir, 5. bekk Álfshólsskóla.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Úti sé ég hvítan hrút,
hulinn snjó um vetur.**

Anna Guðrún, 6. bekk Hofstaðaskóla.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Þá verður karlinn Kári súr
því kominn er aftur vetur.**

Selma Dögg Lárusdóttir, Áslandsskóla.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Setti á þig síðan klút,
síðbrók og húfutetur.**

Ína Berglind Guðmundsdóttir, Fellaskóla í Fellabæ.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Vefjum okkur vel í klút
og vermi húfutetur.**

Ásta Lilja Ingjaltdóttir, 7. bekk Laugalækjarskóla.

Hver sem á sér vildarvin
verður sjaldan leiður.

**Heldur er nú lukkan lin
larfurinn er reiður.**

Indriði Dagur Gústavsson, 5. bekk Grunnskólanum Hellu.

Kuldinn bítur, komum út,
klæðum okkur betur.

**Setjum á okkur svartan klút
svo má koma vetur.**

Gísli Guðnason, 5. bekk Grunnskólanum Hellu.

Hver sem á sér vildarvin
verður sjaldan leiður.

**Í sínu hjarta sólarskin
sjaldan verður reiður.**

Nemendur í 5. bekk Grunnskólanum Hellu.